

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur með tilvísun til heimildar í samþykkt um sorphirðu í Húsavíkurkaupstað nr. 363 frá 29. september 1992 og gildir fyrir árið 2001.

Húsavíkurkaupstað, 17. janúar 2001.

Guðmundur Níelsson bæjarritari.

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfis fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir fiskimjölsverksmiðju Faxamjöls hf., Örfirisey, Reykjavík, kt. 410989-1319. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. febrúar 2005.

Reykjavík, 29. janúar 2001.

Hollustuvernd ríkisins,

Davíð Egilson forstjóri.

Helgi Jensson forstöðumaður.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um könnun hjónavígsluskilyrða nr. 326 20. júní 1996.

1. gr.

Í stað „2.-5. mgr.“ í 1. mgr. 11. gr. kemur: 2.-6. mgr.

2. gr.

Við 11. gr. bætist ný málsgrein, sem verður 2. mgr., svohljóðandi:

Könnunarvottorð verður því aðeins gefið út fyrir hjónaefni með erlendan ríkisborgara-rétt, annan en danskan, finnskan, norskan eða sænskan að það dveljist löglega í landinu. Hjónaefni sem ekki hefur ríkisborgararétt í ríki sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið skal leggja fram gögn sem sýna að dvöl þess hér á landi sé lögleg.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 2. mgr. 13. gr. hjúskaparlaga nr. 31 14. apríl 1993, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 23. janúar 2001.

Sólveig Pétursdóttir.

Drífa Pálsdóttir.